



Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Foreldrasamstarf á framhaldsskólastigi – fundur 29. janúar 2010

Fundarstjóri: Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík.

Fundarritari: Hrefna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla og SAFT.

Ingibjörg S. Guðmundsdóttir býður fundargesti velkomna:

- Glærum verður safnað saman og settar á netið.
- Fundur boðaður af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis og Heimilis og skóla. Vegna nýrra laga um að í framhaldsskólum skuli starfa foreldráð.
- Fagnar fundinum því hennar reynsla er sú að erfitt sé að fá fólk til starfans. Af 1050 forráðamönnum mættu 5 á boðaðan stofnfund í síðustu viku. Af hverju? Foreldrar vilja jú bera ábyrgð á börnunum til 18 ára aldurs.
- Í hverju vilja foreldrar að þetta samstarf felist? Hlakkar til að heyra umræðuna.

Björk Einisdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla:

- Hefur átt gott samstarf við framhaldsskólana.
- Margt sem brennur á foreldraráðunum en misjafnt eftir skólum hversu langt þetta er komið, hverjar áherslurnar eru, hvernig samstarfið er o.s.frv.
- Er þó margt spennandi og áhugavert í gangi.
- Heimili og skóli hefur útbúið handbók fyrir framhaldsskóla. Mikil áhersla á samstarf allra sem að skólastarfinu koma.
- Bréf var sent til skólameistara framhaldsskóla þar sem þeir voru hvattir til að gerast aðilar að samtökunum. Félagar fá handbókina.

Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri mennta- og menningarmálaráðuneytis:

- Heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum. Samvinna við Lýðheilsustöð. Reynsluferð þetta verkefni.
- Skýrsla um stöðu Íslands. Einn kafli um félagsauð. Þar stöndum við Íslendingar einna best. Áskorun að fást við hann þar sem hann er svolítið óskipulagður. Margir að vinna á þessum sviðum. Ólíkar væntingar. Mesta áskorunin að leiða saman ólíka aðila og vinna að þessum markmiðum. Líka áskorun fyrir ráðuneytið að vinna með öðrum ráðuneytum. Þarf að virkja þann félagsauð sem er fyrir hendi og stilla saman strengi.
- Nemendur sömdu reglur um böll sjálfir. Viðhorfin eru að breytast, menn sætta sig ekki lengur við að umbreytingin verði í framhaldsskólunum (allt sé leyfilegt).
- Hvað getur ráðuneytið gert til að skapa ramma til að vinna eftir innan þessara hreyfinga?



Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra:

- Mikil viðhorfsbreyting. Finnur sjálf að hún er á öðrum stað en fyrir nokkrum árum.
- Foreldrar hafa meiri áhrif en þeir sjálfir og börnin hafa kannski haldið.
- Samvinna heimila og framhaldsskóla hefur aukist jafnt og þétt.
- Samvera foreldra og unglunga skiptir ekki bara máli hvað varðar líðan o.þ.h. heldur líka hvað varðar námsárangur. Skiptir máli að foreldrar haldi áfram að sýna líðan og námi barnsins áhuga.
- Vitund um samstarf foreldra og skóla breyst mikið. Höfum færst nær nágrannalöndum í þessu tilliti.
- Við undirbúning fundarins kom í ljós að þar sem foreldraráðin hafa ekki verið stofnuð er það í burðarliðnum. Þó ekki hafi verið gerð formleg úttekt virðast viðbrögðin í samfélaginu hafa verið góð.
- Þessi fundur vonandi upphafið að góðu samstarfi allra aðila.

Spurningar og innlegg:

- *Ingibjörg Ósk, Verzló:* Biður menntamálaráðherra að beita sér fyrir auknu hlutverki félagsmálafulltrúa og forvarnafulltrúa í skólum. Mismunandi eftir skólum.
- *Ingibjörg S. Guðmundsdóttir (ISG), skólameistari Kvennó:* Þessi störf eru í hættu í niðurskurði. Mikilvægt að foreldrar gangi í takt við skólana í þeirra forvarnastefnu.
- *Matthildur Aradóttir, í foreldraráði Verzló:* Upp að 18 ára aldri börn, eftir það hvorki né (milli 18 og 20). Lagabókstafurinn misvísandi. Hrædd um að þessi hópur geti orðið afskiptalaus. Vill að það sé skýrara að foreldraráð og foreldrar séu fyrir alla krakka í framhaldsskólum, ekki bara upp að 18 ára.
- *ISG, skólameistari Kvennó:* áfengiskaupaaldurinn og framfærsluskylda.
- *Borghildur Jósúadóttir, Fjölbrotaskólinn á Akranesi:* Þarf að búa til félagslíf og halda utan um börn frá 16-20 ára. Foreldrar verða að axla ábyrgðina á meðan barnið býr heima. Hvaðan kemur pressan? Kannski líka frá foreldrum? Finnst þessu miða hægt.
- *Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra:* Skólarnir settir í vissan vanda þegar sjálfræðisaldur var hækkaður. Fræðsluskylda: 16-18 ára í forgangi. Stefna skólans skiptir hér höfuðmáli.
- *Björk Einisdóttir, frkv.stj. Heimilis og skóla:* Þarf að vekja foreldra til umhugsunar um þetta og hvetja foreldra til að styðja börnin áfram í framhaldsskóla, unglingarnir vilja það.
- *Linda Björk Ólafsdóttir, foreldraráð MH:* Vantar meira kynningastarf fyrir foreldra nemenda sem eru að klára grunnskólann og fara í framhaldsskóla. Fyrir sumarið eftir 10. bekk. Áður en þau hefja nám.



- *Ingi Bæringsson, Tækniskólanum*: Foreldrar vilja yfirleitt það besta fyrir börnin. Vantar stuðning frá ráðuneytinu og foreldrar klikka oft á hver sé farvegur foreldra yfir í framhaldsskólann. Vantar líka skilgreiningu fyrir forvarnafulltrúana. Þarf að bæta kerfið gagnvart foreldrum. Þarf líka að laga rétt nemenda gagnvart “vondum” kennurum.
- *Sigríður Birna Bragadóttir, námsráðgjafi í MH*: Mætti ekki fella niður mætingarskyldu eftir 18 ára aldur?
- *Katrín Jakobsdóttir*: Telur það vera meira skólanna.
- *Björk Einisdóttir*: Starf foreldraráðanna í framhaldsskólunum er svo mikilvægt til að ræða svona mál í hverjum skóla fyrir sig. Samræðu- og upplýsingavettvangur.
- *Katrín Jakobsdóttir*: Þurfum líka að muna eftir nemendunum, eru á milli þess að vera börn og fullorðin. Þetta samtal skiptir óskaplega miklu máli og ekki má gleyma rödd nemenda. Þessir þrjú aðilar þurfa að tala saman: nemendur, skóli og foreldrar.

Sjöfn Þórðardóttir, formaður Heimilis og skóla - *Öflugt foreldrasamstarf skilar árangri*:

- Samvinna mikilvæg milli foreldra og framhaldsskóla.
- Þarf sérstaklega að beina sjónum að 16-18 ára börnum. Því miður algengt að foreldrar sleppi takinu þegar í framhaldsskóla er komið.
- Samvera, tengsl milli foreldra og samskipti draga úr líkum á vímuefnaneyslu.
- Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna.
- Vísar í niðurstöður frá Rannsóknnum og greiningu.
- Hlutverk foreldra geta verið margvísleg í framhaldsskólunum.
- Samráð um viðburði á vegum skólanna, nefnir sérstaklega busavígslur.
- Foreldraauðlind: foreldrar með sem sjálfbóðaliðar í skólastarfinu. Samvinna við nærsamfélagið mikilvæg.
- Foreldraráð geta haft áhrif á skólastefnuna.
- Foreldraverðlaunin í júní. Hvetur fólk til að tilnefna.

Jóhanna María Eyjólfsdóttir, verkefnastjóri í menntamálaráðuneytinu:

- Ýmiss konar verkefni á vegum ráðuneytisins.
- Í lok vetrar var kosinn íþróttaskóli ársins: Menntaskólinn á Laugarvatni. Íþróttavakning í annað skipti núna. Fyrirliðar í öllum framhaldsskólum.
- Geðræktarverkefni í Fjölbautaskólanum í Breiðholti, ætlunin að þetta fari svo í fleiri skóla. Tóbaksvarnaverkefni, næringarverkefni, vímuvarnaverkefni o.fl.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Ragnar Marteinson, formaður foreldraráðs Fjölbrautaskólans í Garðabæ - *Könnun meðal foreldra/aðstandenda nemenda í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ:*

- Erfitt var að fá foreldra í samstarf. Sonur hans taldi hann brjálaðan að bjóða sig fram í þetta en nú er komið annað hljóð í strokkinn. Hann er m.a.s. orðinn formaður skemmtinefndar (sonurinn). Lýsandi fyrir breytinguna.
- Reglur frá foreldraráði varðandi böll o.þ.h. Skólayfirvöldum finnst gott að þær komi frá foreldrum í stað sífelldra reglna frá skólanum. Vissu ekki alveg hvað þau áttu að gera og fóru þess vegna út í þessa könnun (sem er ekki mjög vísindaleg en gefur þó ákveðnar vísbendingar og er leiðbeinandi fyrir foreldraráðið).
- Allir foreldrar með, líka eldri krakkanna. Svörunin var um 20%. Merkilegt að velta því fyrir sér hverjir svara netpósti frá foreldraráði? Hvað um hin 80 prósentin. Um 200 sem vildu tjá sig.
- Ekki öruggt hve margir foreldrar eru á bak við 1069 netföng (sum óvirk o.s.frv.).
- Svörunin jafnmikil hjá 18 ára og eldri eins og 16 ára. Allt gild svör.
- Um 96% svöruðu því játandi að mikilvægt væri að foreldraráð væri virkt í FG. Gott að vita að foreldraráðið sé fulltrúi foreldra sem vilja að ráðið sé virkt.
- Málefni skoðuð (hvaða málefni á foreldraráð að taka fyrir?).
- Í kjölfar þessarar könnunar vaknaði áhugi foreldraráðsins á að gera fleiri kannanir af svipuðum toga.
- Kyn barna skiptir ekki máli hvað varðar áhuga foreldra.
- Einhverjir höfðu áhuga á persónuvernd, vildu ekki hnýsast of mikið í líf unglínganna, en annars flestir mjög þakklátir og ánægðir.

Soffía Karlsdóttir, Menntaskólanum í Reykjavík - *Ávinningur af góðu foreldrasamstarfi:*

- Eitt elsta foreldrafélagið í MR. Stofnað árið 2002. (Fjölbrautaskólinn á Akranesi hefur þó t.a.m. haft foreldrafélag mun lengur og MH stofnaði foreldrafélag í upphafi skólans – þessum upplýsingum var bætt við síðar frá fulltrúum viðkomandi skóla).
- Ástæður fyrir stofnun: Hækkaður sjálfræðisaldur, minnka brottfall, auka samvinnu foreldra og skóla gegn neyslu áfengis og fíkniefna. Forvarnir, umræða um samvinnu þar að lútandi hefur verið hvað fyrirferðarmest.
- Starfsemin kynnt í upphafi skólaárs. Ná til margra þannig, nánast 100% mæting nýnema. Gott að foreldrar viti að þarna er bakland. Biðlisti í stjórn.
- Ávinningur mikill og starfsemin mikils metin af foreldrum og skólastjórnendum.
- Reglulegir fræðslufundir tvisvar sinnum á hverju skólaári. Hafa m.a. kynnt ýmiss konar rannsóknir, verið með málþing um ýmis málefni o.fl. Vel sóttir fundir og aðsóknin hefur aukist jafnt og þétt. Hafa líka skapast góðar umræður í kjölfarið.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

- Hafa staðið við bakið á skólanum og reynt að vera samstíga (t.d. orðsendingar fyrir böll o.fl.). Nú situr formaður alla fundi skólanefndar.
- Heimili og skóli hafa blásið til nokkurra samráðsfunda til að þróa rammann um þetta starf.

Sigrún Halla Halldórsdóttir, forvarnafulltrúi - *Félagslíf og forvarnastarf í Verzlunarskóla Íslands:*

- Lýsti starfi forvarnafulltrúa og hvað væri leyft og bannað. Eru til staðar á öllum böllum ásamt námsráðgjöfum og fulltrúum úr foreldraráðinu. Fara í allar ferðir sem nemendafélagið skipuleggur (sem eru allar vímuefna- og áfengislausar).
- Nemendur taka ábendingum, ekki þrasað.
- Funda reglulega með nemendafélagi. Stjórn nemendafélagsins er sýnileg og ávallt ódrukkinn á böllum.
- Skipuleggja gleði- og fræðsludag, ýmiss konar fyrirlestrar, fræðsla o.s.frv.
- Sú stefna hefur verið tekin að fá nýnema inn á skólaböll ódrukkna. Neysla áfengis er hvítleiður fylgifiskur skemmtanahalds á vegum skólans og neyslan fer fram í heimahúsum. Ábyrgð foreldra er því mikil og þeir eru sterkar fyrirmyndir. Nýnemar látnir blása í áfengismæli áður en farið er á böll. Nemendum eru kynnt þessi áform fyrsta skóladaginn. Foreldrar gríðarlega ánægðir með þetta framtak skólans.
- Ef grunur leikur á að aðrir nemendur séu drukkinnir eru þeir látnir blása og eru viðurlög við því ef nemandi er tekinn undir áhrifum áfengis (sjá glærur).
- Góðar forvarnir stuðla að jákvæðri sjálfsmynd. Þarf sameinað átak til að breyta þessu normi.

Sigríður Birna Bragadóttir, náms- og starfsráðgjafi og Áshildur Arnarsdóttir, forvarnafulltrúi, Menntaskólanum í Hamrahlíð - *Foreldrasamstarf:*

Sigríður Birna:

- Það er munur á foreldrasamstarfi grunnskóla og framhaldsskóla (glærur).
- Mætingar virðast oft vera aðgöngumiði til að gera eitthvað í framhaldsskóla. Foreldrar hringja oft fyrst með áhyggjur út af því en svo kemur meira í ljós.
- Misjafnt eftir bekkjakerfi eða áfangakerfi.
- Óformlegur skriflegur samningur milli unglings og foreldris. Bara þeirra á milli. Hægt að nota í sumum tilvikum. Oftast er þetta bara munnlegt og ágæt samskipti.
- Af hverju mæta svona fáir foreldrar? Hvað er hægt að gera til að fá fólk til að mæta? Hvaða foreldrar mæta? Mæta þeir sem ættu að mæta? Hvernig á að nálgast fólk? Hvaða tími hentar? O.s.frv.
- Gagnkvæmur, skilningur, áhugi og upplýsingagjöf.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Áshildur:

- Upphaf foreldrafélags: fundu fyrir auknum áhuga foreldra. Stofnað haustið 2008.
- Foreldrar voru óöruggir um hvar þeir hefðu aðgang að skólanum og hvort þeir hefðu einhvern aðgang yfir höfuð.
- Byrjað var að koma á fót rafrænum póstlista. Ýmsar upplýsingar sendar út (sem voru annars á heimasíðu skólans) – t.d. varðandi böll og að bjórkvöld væru ekki á vegum skólans. Póstur bæði sendur á íslensku og ensku. Foreldrar mjög ánægðir með framtakið.
- Öflug stjórn núna sem er að semja lög og reglur o.fl.
- Áfengi og vímuefni foreldrum ávallt ofarlega í huga. Nauðsynlegt fyrir skólann að vita hvað foreldrum er efst í huga hverju sinni.

Spurningar og innlegg:

- *Sigríður María, kennari og félagsmálafulltrúi í Kvennó:* Sammála því að það sé tvískinningur í áfengis- og vímuefnaumræðu. Skortir heildræna nálgun á þetta allt saman. Aðgangur að öðrum efnum en áfengi stundum jafnvel auðveldari. Hægt að svindla sér í gegnum áfengismælinn. Yfirleitt er meiri ölvun meðal eldri bekkinga og nánast engin meðal nýnema. Hvernig má taka meira á þessu með heildrænum hætti? Hvernig er best að taka á þessu? Hvernig er reynslan úr Verzlunarskólanum?
- *Sigrún Halla, Verzló:* Allir skólar taki höndum saman með átaki. Byrja á fyrsta árinu og leiða sig svo upp. Þannig hverfur þetta.
- *Guðfinna, Fjölbrautaskóla Snæfellinga:* Eru áfengismælar í eigu skólanna?
- *Sigrún Halla, Verzló:* Já. Keyptum þá á 100.000 kr. stk. Erum tilbúin til að lána á höfuðborgarsvæðinu. Hægt að fá lánaða víðar. Fulltrúi úr foreldraráði telur þetta hafa gefist vel og að áfengismælar hafi fælingarmátt. Líka vopn fyrir krakka sem vilja ekki drekka að standa við þá ákvörðun. Losna við pressuna.
- *Lárus, rektor MH:* Fylgist af athygli með aðgerðum Verzló. Kemur á óvart að það takist að framkvæma þetta hávaðalaust. Vill benda á að þetta standist ekki jafnræðisreglu að láta bara fyrsta árs nemendur blása – ósanngjarnt að hinir komist þá upp með þetta. Treystir sér ekki sjálfur í svona aðgerðir, væri kannski frekar hægt að hafa tilviljanaúrtak. Telur að lögreglan kæmist t.d. ekki upp með að beita sér gagnvart ákveðnum hópi.
- *Geir Jón, yfirlögregluþjónn:* Ef kanna á áhrif fíkniefna þá er til einfalt próf sem sýnir niðurstöðu strax.
- *Helga María, nemandi í FG:* lýsir pressunni og stressi við að segja að nei við drykkju. Finnst gott að hafa mælana.
- *Borghildur Jósúadóttir, Fjölbrautaskóli Vesturlands:* Fá íþróttahreyfinguna inn í þetta.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

- *Ragnar Marteinnsson, foreldraráði FG:* Lá við uppþoti í skólanum þegar átti að gera þetta í FG. Ákváðu samt að gera þetta og það merkilega var að krakkarnir samþykktu þetta, tókst mjög vel og engar afleiðingar urðu (enginn sagði af sér úr einhverjum ráðum t.d.). Ágætis byrjun.

Harpa Hreinsdóttir, nemandi í Menntaskólanum við Hamrahlíð - *Bindindisfélög í framhaldsskólum:*

- Mikil pressa á að drekka, mun meiri en hana grunaði.
- Fjögur sem ætla að stofna félagið. Misvinsælt. Hafa vakið athygli á þessu í skólanum og komu í kjölfarið í fréttapésa í skólanum þar sem gefið var í skyn að þau væru barnaleg að vilja ekki drekka.
- Ungmennaráð UMFÍ stendur fyrir skemmtilegum helgum þar sem er spilað og spjallað. Þekkjast mörg og eykur það sjálfstraust þeirra og trú á að fleiri fylgi með í bindindisstarfið.
- Ekki nóg að þau séu að reyna að koma þessu á, þurfa aðstoð fullorðinna við að koma þeim skilningi á að áfengislögin eigi að virða.

Þórunn Stefánsdóttir og Helga María, nemendur í Fjölbautaskólanum í Garðabæ - *Bindindisfélag Fjölbautaskólans í Garðabæ:*

- 15 skráðir félagsmenn og félagið stofnað haustið 2007. BFFG, Bindindisfélagið.
- Námsráðgjafi og forvarnafulltrúi hjálpa með félagið. Mættu 12 á fyrsta fundinn og fjölgaði eftir það.
- Fara í ýmiss konar ferðir og halda skemmti- og spilakvöld. Fóru m.a. að hitta sams konar félag í Bandaríkjunum árið 2008.
- Vilja fá stuðning foreldra til að eyða mótþróa meðal nemenda. Mörgum þykir þetta hallærislegt en þeim þykir þetta jafnsjálfsagt og að borða hollan mat.
- Fleiri stelpur núna en voru fleiri strákar í byrjun, þrír strákar sem stofnuðu félagið.

Þórdís Þórisdóttir, náms- og starfsráðgjafi Menntaskólanum í Kópavogi - *Samskipti námsráðgjafa við foreldra:*

- Lýsti hvernig nemendabjónusta MK er byggð upp og hvernig unnið er í samvinnu við foreldra.
- Opin ráðgjöf, þarf ekki að panta tíma. Alltaf opið. Hægt að fá viðtal strax svo framarlega sem námsráðgjafar eru ekki uppteknir í öðru viðtali.
- Kannanir hafa sýnt að 95% nemenda leita einhvern tíma til námsráðgjafa MK.
- WebCT og Inna. Nemendur geta síðar breytt aðgangi í WebCT.
- Áður en sjálfræðisaldur var hækkaður upp í 18 ára voru lítil samskipti við foreldra en í dag eru samskiptin komin í nokkuð fastar skorður, ekki síst vegna þess að foreldrar vilja fylgja börnum sínum lengur eftir en áður tíðkaðist.
- Foreldrar fá ekki upplýsingar nema þeir séu skráðir sem forráðamenn í Innu.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

- Líka mikilvægt að hafa samband við foreldra þegar vel gengur, meðvitaðar um það.
- Eru talsmenn nemenda og leggja áherslu á trúnað við þá en vilja leysa málin á sem farsælastan hátt í samvinnu við skóla og foreldra.

Porkell Einarsson, formaður SÍF og Karen Sæbergsdóttir, nemandi í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti - *Reynsla nemenda af foreldrasamstarfi:*

- Nemendafélög eru mikilvæg og leggja mikið af mörkum. Hagsmunir og öryggi nemandans.
- Skapa umhverfi þar sem foreldrar eru meðvitaðir um það sem fram fer innan veggja framhaldsskólans og nemendur hafa leiðir til að vinna úr málum sínum.
- Foreldrafélög eru hagsmunafélög og eiga að bera hag nemenda fyrir brjósti.
- Styrkja og fjölga skólaviðburðum frekar en að draga úr þeim til að vinna að forvörnum, þá vita foreldrarnir alla vegana hvar unglíngarnir eru.
- Telja forvarnir ekki eiga að vera helsta baráttumál foreldrafélaga. Ýmislegt sem nemendur gætu þegið aðstoð við, t.d. baráttan gegn niðurskurði í menntakerfinu og brottfalli o.fl.
- Nemendum fjölgar en skólarnir geta ekki tekið við þeim öllum. Yfirfullir skólar.
- Samstarf mikilvægt og gætu þegið hjálp hinna fullorðnu.

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu - *Er góður bragur á skóladansleikjum framhaldsskólanema - má gera betur?*

- Lögreglan gerir sér grein fyrir að skemmtanir og skemmtanahald ungmenna eru mikilvæg.
- Mikil breyting til batnaðar á áfengis- og vímuefnaneyslu unglínginga. Erum í betri málum nú en margar nágrettaþjóðir okkar.
- Vinna stýrihóps og öflug vinna framhaldsskóla síðustu ár er að skila þessum niðurstöðum.
- Í vinnu stýrihóps kom fram að dansleikir framhaldsskólanema væru hryggjarstykkið í félagslífi nemenda en helsti vandinn sem við er að glíma á dansleikjunum er áfengisneysla nemenda þó svo þar fari engin áfengissala fram og strangt eftirlit sé með því að nemendur beri ekki inn með sér áfengi.
- Þyrnir í augum lögreglu að reiknað sé með því að nemendur komi ölvaðir á dansleikina og inni á þeim séu svokölluð „dauðaherbergi“ fyrir ofurölvi nemendur.
- 2008-09 voru gefin út leyfi fyrir 55 skóladansleikjum á höfuðborgarsvæðinu og það sem af er þessu ári eru komin 35 leyfi.
- Lögreglunni þykja allt of margir fá að fara inn sem eru augljóslega undir áhrifum áfengis. Jafnt verði tekið á burði áfengis „innvortis sem útvortis“.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

- Í einum framhaldsskóla var ákveðið að hleypa ekki inn nemendum undir áhrifum áfengis. Einhverjir pirraðir en vonandi læra þeir eitthvað. Góð leið en þurfi að vinna hana með nemendum til að koma í veg fyrir árekstra.
- Skóladansleikir mun betri en á árum áður og því fátíðara að lögreglan þurfi að hafa þar afskipti af, eina undantekningin er dauðaherbergið. Góð samvinna allra aðila sem að koma hefur leitt þetta af sér. Nefnir sem dæmi lætin eftir samræmdu prófin sem eitt sinn voru fastur liður (unglingar ölváðir niðri í bæ með áfengi jafnvel að heiman – um 5000 börn!). Sést ekki lengur. Margt breyst til batnaðar.
- Stöndum með unga fólkinu okkar.

Þórunn Jóna Hauksdóttir, sviðsstjóri Fjölbrautaskóla Suðurlands - *Framlag foreldra til stefnumótunar í lærdómssamfélagi:*

- FSU: „Gulur og góður skóli“: Fjölbreytni, sköpun, upplýsing.
- Lærdómssamfélagið: Þar eiga allir hagsmunaaðilar vísan stað. Rannsóknir sýna að lærdómssamfélag framhaldsskóla er brotkennt. Markmið faggreina verða stýrandi í stað þess að ganga út frá einkunnarorðum og markmiðum skólanna. Allt lærdómssamfélagið á að koma að stefnumótun.
- Allt lærdómssamfélagið á að koma að mótun starfsins, þar með taldir foreldrar.
- 95% grunnskólanema byrja í framhaldsskóla en við 24 ára aldur hefur 1/3 þeirra ekki útskrifast!
- Nýju lögin gefa kærkomið tækifæri til að taka rétta stefnu.
- Rannsóknir sýna að aðkoma foreldra að menntun er að stórum hluta litin jákvæðum augum frá kennurum og skólastjórnendum en foreldrar eru oft ráðvilltir um hvernig eigi að bera sig að. 50. greinin er mjög loðin. Umræðan verður að vera lýðræðisleg.
- FSU er í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fjölbrautaskóla Vesturlands um endurskoðun námsbrauta.
- Fara í grasrótina og sjá hvað hún leggur til. Fá allt nærsamfélagið, þ.m.t. foreldra, að stefnumótun með beinum hætti.
- Nemendur hafi skilyrðislausan rétt til þátttöku í stefnumótun.

Spurningar og innlegg:

- *Sigríður María, Kvennó:* Hrósar erindum Þorkels og Karenar og segir að yfirleitt séu þetta upp til hópa flottir krakkar. Spyr Geir Jón um hvað er hægt að gera þegar skemmtistaðir eru að markaðssetja sig fyrir framhaldsskóla með bjórkvöld?
- *Geir Jón:* Þegar svona kemst upp er staðnum lokað og hann sektaður. Það eina sem þeir skilja. Hjálpar mest að nemendur láti vita ef kunnugt er um að eitthvað svona sé í gangi. Er orðið auðveldara að loka skemmti- og veitingastöðum en áður. Þegar þeir



Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

tapa umtalsverðum fjárhæðum virkar þetta. Hart tekið á þessum málum ef upp komast, lögreglan ætlar að brýna sig betur en áður.

Samantekt:

- Björk og Jóhanna María þakka fyrir góða mætingu og góðan fund. Fyrsta skrefið í átt að meiri samvinnu.